

Mánudaginn 16. maí 1949.

Kærumálið nr. 10/1949.

Ágúst Jónsson

gegn

Glóa s/f.

Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. apríl sl., er hingað barst 28. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 23. s. m., þar sem vísað var frá dómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur ekki borið fram neinar kröfur né greinargerð í málinu.

Sóknaraðili hefur sent Hæstarétti nýtt skjal með greinargerð sinni, en þar sem ekki verður séð, að varnaraðili hafi haft færi á að kynna sér það, þykir ekki unnt að taka tillit til þess við úrlausn málsins. Og þar sem fallast má á forsendur og niðurstöður hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Ágúst Jónsson, rafvirkjameistari hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. f. m., gegn sameignarfélaginu Glóa, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 368.06, með 6% ársvöxtum frá 31. marz 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur ekki látið sækja þing og er þó löglega stefnt. Eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður málið dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Til stuðnings kröfum sínum hefur stefnandi lagt fram reikning frá sameignarfélaginu Rafvirkjanum á stefnda að fjárhæð kr. 368.06, en þar eð hann hefur ekki sýnt fram á heimild sér til handa til heimtu reiknings þessa, þykir verða að vísa máli þessu ex officio frá dómi. — Málskostnaður fellur niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Kærumálið nr. 11/1949.

**Pétur Hjartarson og Guðrún Þórunn
Eggertsdóttir**
gegn
Jóni Jónassyni.

Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. f. m., sem hingað barst 28. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 11. apríl sl., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja var vísað frá dómi. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðili dæmdur til greiðslu kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja kr. 250.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Pétur Hjartarson og Guðrún Þórunn